

FORSETA BRÉF

um að reglulegt Alþingi 1962 skuli koma saman til fundar
miðvikudaginn 10. október 1962.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að reglulegt Alþingi 1962 skuli koma saman til fundar miðvikudaginn 10. október 1962.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört að Bessastöðum, 28. september 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

4. október.

Nr. 100.

AUGLÝSING

um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð
fyrir Háskóla Íslands.

Forseti Íslands hefur hinn 2. þ. m. samkvæmt tillögu ráðuneytisins staðfest eftirfarandi breytingu á reglugerð nr. 76/1958, fyrir Háskóla Íslands.

1. gr.

Upphaf 2. málsg. 32. gr. reglugerðar nr. 76 17. júní 1958 orðist svo:
Skrásetningargjald er 500 krónur.

2. gr.

Reglugerð þessi tekur gildi þegar í stað.

Í menntamálaráðuneytinu, 4. október 1962.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.